



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 17. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILÍÐ 2022 – 2026

### 4. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2023, þann 16. febrúar kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi fundar lagði oddvita fram dagskrárbreytingatillögu þannig að við bætist liður 8, boð á aukafund Skóla og velferðarþjónustu Árneshvíls. Einnig bætist við liður 10: Skipun í nefndir og ráð, tölusetning annarra liða breytist til samræmis við þetta.

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

#### **1. Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 3. fundar frá 31. janúar sl.**

Lögð fram fundargerð 3. fundar Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

#### **2. Umhverfisnefnd: Fundargerð 3. fundar frá 9. febrúar sl.**

Lögð fram fundargerð 3. fundar Umhverfisnefndar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar um leið og sveitarstjórn þakkar nefndinni góðar ábendingar sem unnið verður nánar með.

#### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árneshvíls og Flóahrepps:**

#### **3. Fundargerð 254. fundar skipulagsnefndar frá 8. febrúar sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. febrúar sl.**

Lögð fram fundargerð 254. fundar skipulagsnefndar frá 8. febrúar sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. febrúar sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

#### **Mál nr. 29. Reykjabakki; Reykjalaus: Lögbýli; deiliskipulag.**

Lagt er fram nýtt deiliskipulag sem tekur til hluta lands Reykjabakka L166812. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarheimilda fyrir íbúðarhúsi, gestahúsi og landbúnaðarhúsnæði. Málið hefur áður hlotið málsmeðferð hjá skipulagsnefnd og sveitarstjórn og verðið auglýst og kynnt. Sökum þess að meira en ár er liðið frá því að auglýstur athugasemdafrestur vegna málsins rann út er tillagan tekin til afgreiðslu á nýjan leik.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

**Mál nr. 30. Garður: Borhola GA-01; Framkvæmdaleyfi.**

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi frá Bláhver ehf vegna fyrirhugaðrar dýpkunar og vinnslu á heitu vatni úr borholu GA-01 sem staðsett er á lóðinni Garður L166748.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að ekki verði gerð athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins sem framkvæmdin tekur til en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins og felur sveitarstjóra að óska eftir nánari upplýsingum.

**Mál nr. 34. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. febrúar sl.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. febrúar sl.

**4. NOS: Fundargerð stjórnar frá 31. janúar sl.**

Lögð fram fundargerð stjórnar NOS.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

**5. Bergrisinn bs.: Fundargerð 51. stjórnarfundar frá 31. janúar sl. ásamt beiðni um heimild vegna tímabundinnar ráðningar í starf sérfræðings hjá Bergrisanum bs.**

Lögð fram fundargerð Bergrisans bs. ásamt beiðni um heimild vegna tímabundinnar ráðningar í starf sérfræðings hjá Bergrisanum bs.

Sveitarstjórn samþykkir að vegna aukinna umsvifa og fleiri verkefna verði ráðið tímabundið til eins árs í 75-100% stöðu sérfræðings

Að öðru leiti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

**Erindi til sveitarstjórnar:**

**6. Bréf frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga frá 6. febrúar 2023.**

Lagt fram minnisblað frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga til að varpa ljósi á réttarstöðu sveitarfélaga þegar beiðnir um smölun berast sveitarfélögum vegna ágangs búfjár milli landareigna og jafnframt frá afrétti.

Sveitarstjórn vísar erindinu til afréttarmálanefndar til umfjöllunar.

**7. Bréf frá kjörnefnd Lánasjóðs sveitarfélaga frá 10. febrúar 2023.**

Lagt fram bréf frá kjörnefnd Lánasjóðs sveitarfélaga þar sem auglýst er eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

**8. Boð á aukafund Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. ásamt Félagasamning SVÁ.**

Lagt fram boð á aukafund Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþing bs. sem fram fer þann 1. mars n.k. kl.13:00.

Sveitarstjórn samþykkir félagasamninginn fyrir sitt leyti og tilnefnir fulltrúa til fundarins undir lið 10.

**9. Bréf frá Bergrisanum ódagssett.**

Lagt fram bréf frá Bergrisanum þar sem boðað er til auka aðalfundar mánudaginn 20. febrúar n.k. kl. 13:00

Lagt fram til kynningar.

#### **10. Skipun í nefndir og ráð**

Eftirtaldir eru skipaðir til loka kjörtímabilsins 2022 – 2026:

Skipun aðal- og varamanns í stjórn SVÁ: aðalmaður: Aldís Hafsteinsdóttir, varamaður: Jón Bjarnason.

Skipun aðal- og varamanns í fagnefnd SVÁ: aðalmaður: Bjarney Vignisdóttir, varamaður: Katrín Þorvaldsdóttir.

Skipun aðal- og varamanna á aðalfund Bergrisans: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir og Alexandra Rós Jóhannesdóttir en til vara Herbert Hauksson og Daði Geir Samúelsson.

#### **11. Bréf frá B.R. Sverrissyni ehf. frá 5. febrúar 2023.**

Lagt fram bréf frá B.R. Sverrissyni ehf. þar sem óskað er eftir að skila lóðinni Vallarslóð 2. Jafnframt er óskað eftir viðræðum við forsvarsmenn sveitarfélagsins um lóð vegna mögulegrar uppbyggingar á steypustöð í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn fagnar hugmyndum um uppbyggingu á steypustöð og felur sveitarstjóra og oddvita að kanna þá möguleika sem felast í óbyggðum svæðum við Flatholt vegna þessa.

#### **12. Trúnaðarmál vegna afsláttar af fasteignaskatti.**

Lögð fram beiðni um að endurskoðaður sé afsláttur af fasteignaskatti.

Málið færð í trúnaðarmálabók.

#### **13. Bréf frá Halldóru Hjörleifsdóttur frá 6. febrúar 2023.**

Lagt fram bréf frá Halldóru Hjörleifsdóttur sem settið hefur í stjórn Reiðhallarinnar á Flúðum sem fulltrúi sveitarfélaganna. Hún hefur ákveðið að hætta setu í stjórn á komandi aðalfundi þann 3. apríl n.k. Sveitarfélögin sem eiga eignarhlut í Reiðhöllinni þurfa að skipa nýjan fulltrúa í hennar stað.

Sveitarstjórn samþykkir að Skeiða- og Gnúpverjahreppur tilnefndi fulltrúa í stjórnina en slíkt er í samræmi við reglu um helmingaskipti á stjórnarmönnum sem viðhaft hefur verið í þessari stjórn.

#### **14. Minnisblað frá Eflu frá 31. janúar vegna viðhalds við Flúðaskóla.**

Lagt fram minnisblað frá Eflu vegna viðhalds við Flúðaskóla.

Samþykkir að fela sveitarstjóra í samvinnu við yfirmann framkvæmda að vinna áfram að hönnun nýs þaks með bestu mögulegu lausn að leiðarljósi. Stefnt verði að því að öll gögn varðandi fyrirkomulag verksins og kostnað verði lögð fram á fyrri fundi sveitarstjórnar í mars með það fyrir augum að leitað verði tilboða í mars og að framkvæmdir fari fram í sumarfrí grunnskólans. Sveitarstjórn óskar einnig eftir því að kannaður verði möguleikinn á að bæta í útboðið öðrum fyrirhuguðum framkvæmdum ársins í stofnunum sveitarfélagsins.

#### **15. Minnisblað frá sveitarstjóra frá 13. febrúar 2023 varðandi gerð skólustefnu fyrir Hrunamannahrepp.**

Lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra ásamt verkáætlun um endurskoðun skólustefnu og mat á skólastarfi fyrir Hrunamannahrepp. En lagt er til að samið verði við dr. Ingvar Sigurgeirsson, fyrrverandi prófessor við Kennaradeild HÍ um verkið.

Sveitarstjórn samþykkir að samið verði við dr. Ingvar Sigurgeirsson um vinnu við gerð skólustefnu í sveitarfélaginu og að sveitarstjóri verði tengiliður vegna verksins. Stýrihópur verði skipaður kjörnum fulltrúum í skólanefnd og áheyrnarfulltrúum nefndarinnar úr Hrunamannahreppi.

**16. Minnisblað frá sveitarstjóra frá 14. febrúar 2023 varðandi niðurfærslu fasteignaskatts.**

Lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra varðandi niðurfærslu fasteignaskatts að upphæð 82.188,- sem ekkert útlit er fyrir að innheimtist.

Sveitarstjórn samþykkir niðurfærsluna.

**Verkfundargerðir:**

**a. Byggð á Brikum: Verkfundargerð 1. fundar, startfundur í verkinu.**

Fundargerðin samþykkt.

**Mál til kynningar:**

**b. Hitaveita Grafarhverfis ehf.: Fundargerð aðalfundar frá 8. febrúar sl.**

Umræður voru um efni fundargerðarinnar og sveitarstjóra falið að koma þeim atriðum sem þar voru rædd á framfæri við stjórn hitaveitunnar. Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

**c. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 55. fundar stjórnar frá 27. janúar sl.**

Lagt fram til kynningar.

**d. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 918. fundar stjórnar frá 27. janúar sl.**

Lagt fram til kynningar.

**e. Boð á samráðsþing um landsáætlun um innleiðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.**

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:40.